

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/161/ESB

2011/EES/20/16

frá 17. desember 2009

um gerð þriðju skrár um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi við framkvæmd tilskipunar ráðsins 98/24/EB og um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/39/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af álitum ráðgjafarnefndar um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 98/24/EB skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu um evrópsk markmið, sem sett yrðu á vettvangi Bandalagsins, í formi leiðbeinandi viðmiðunarmarkna fyrir váhrif í starfi til að vernda starfsmenn gegn áhættu vegna efna.
- 2) Við þetta verkefni skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar vísindanefndarinnar um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum efnafræðilegra áhrifavalda sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/320/EB ⁽²⁾.
- 3) Leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi eru heilbrigðistengd mörk, sem eru ekki bindandi, eru leidd af nýjustu vísindalegu gögnum, sem tiltæk eru, og taka mið af þeirri mælitækni sem er fyrir hendi. Þar eru sett viðmiðunargildi váhrifa, en undir þeim mörkum er almennt ekki að vænta skaðlegra áhrifa neins tiltekins efnis eftir skammtímaváhrif eða dagleg váhrif á starfsævinni. Um er að ræða evrópsk markmið til þess að aðstoða vinnuveitendur við að ákvarða og meta áhættu, í samræmi við 4. gr. tilskipunar 98/24/EB.
- 4) Aðildarríkin skulu setja innlend viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi að því er varðar sérhvern þann efnafræðilega áhrifavald, sem leiðbeinandi viðmiðunarmörk um váhrif í starfi hafa verið sett fyrir innan Bandalagsins, með hliðsjón af viðmiðunarmörkum Bandalagsins en mega ákvarða eðli hans í samræmi við innlenda löggjöf og venju.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 338, 19.12.2009, bls. 87. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2010 frá 10. desember 2010 um breytingu á XVIII viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnretti kynjanna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17, 31.3.2011, bls. 20.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 188, 9.8.1995, bls. 14.

- 5) Lita skal á leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem mikilvægan þátt í heildarstefnu sem miðar að því að vernda heilbrigði starfsmanna á vinnustöðum gegn áhættu af völdum hættulegra íðefna.
- 6) Í niðurstöðum áhættumatsins og áætlunum, sem miða að því að draga úr áhættu, sem mótaðar eru innan ramma reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 793/93 ⁽³⁾ frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna, er sýnt fram á þörfina á að sett séu mörk fyrir váhrif í starfi eða þau endurskoðuð að því er varðar nokkur efni.
- 7) Í tilskipun framkvæmdastjórnar 91/322/EBE ⁽⁴⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 2006/15/EB ⁽⁵⁾, er að finna viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi fyrir tíu efni, og er hún áfram í gildi.
- 8) Gerð var fyrsta og önnur skrá um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/39/EB ⁽⁶⁾ og 2006/15/EB í samræmi við tilskipun 98/24/EB. Með þessari tilskipun er gerð þriðja skrá um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi í samræmi við tilskipun 98/24/EB.
- 9) Vísindanefndin um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum efnafræðilegra áhrifavalda hefur, í samræmi við 3. gr. tilskipunar 98/24/EB, metið 19 efni sem talin eru upp í viðaukanum við þessa tilskipun. Eitt þessara efna, fenól, hefur þegar verið skráð í viðaukann við tilskipun 2000/39/EB. Vísindanefnd um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum efnafræðilegra áhrifavalda hefur endurskoðað viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi fyrir þetta efni í ljósi nýlegra vísindagagna og mælt með því að sett yrðu viðmiðunarmörk fyrir skammtímaváhrif til viðbótar gildandi viðmiðunarmörkum fyrir váhrif í starfi á tímavegnu meðaltali. Því skal fella þetta efni, sem nú er skráð í viðauka við þessa tilskipun, brott úr viðauka við tilskipun 2000/39/EB.
- 10) Kvikasilfur er efni sem getur haft alvarleg uppsöfnuð áhrif á heilbrigði. Því skal heilbrigðisefirlit sem felur í sér lífvöktun í samræmi við 10. gr. tilskipunar 98/24/EB að koma til viðbótar við viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi.
- 11) Einnig er nauðsynlegt að setja viðmiðunarmörk fyrir skammtímaváhrif af völdum tiltekinnna efna þar sem tekið er tillit til áhrifa sem koma til vegna skammtímaváhrifa.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 177, 5.7.1991, bls. 22.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 38, 9.2.2006, bls. 36.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 142, 16.6.2000, bls. 47.

- 12) Nauðsynlegt er að taka tillit til möguleikans á upptöku í gegnum húð þegar um sum efni er að ræða, til að tryggja eins mikla vernd og hugsanlegt er.
- 13) Tilskipun þessi skal vera raunhæfur liður í því að efla félagsmálaþátt innri markaðarins.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 17. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Vegna framkvæmdar á tilskipun 98/24/EB er hér með ákvörðuð þriðja skrá um leiðbeinandi viðmiðunarmörk Bandalagsins fyrir váhrif í starfi að því er varðar efnafræðilegu áhrifavaldana sem taldir eru upp í viðaukanum.

2. gr.

Aðildarríkin skulu setja innlend viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi að því er varðar efnafræðilegu áhrifavaldana, sem taldir eru upp í viðaukanum, að teknu tilliti til viðmiðunarmarka Bandalagsins.

3. gr.

Í viðaukanum við tilskipun 2000/39/EB falli brott tilvísun í efnið fenól.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 18. desember 2011.

Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 183, 26.6.1989, bls. 1.

VIÐAUKI

CAS-númer ⁽¹⁾	Heiti áhrifavalds	Viðmiðunarmörk				Táknun ⁽²⁾
		8 klst. ⁽³⁾		Skammtímaváhrif ⁽⁴⁾		
		mg/m ⁽⁵⁾	milljónarhluti ⁽⁶⁾	mg/m ⁽⁵⁾	milljónarhluti	
68-12-2	N,N dímetýlformamíð	15	5	30	10	húð
75-15-0	Koldísúlfíð	15	5	—	—	húð
80-05-7	Bísfenól A (ryk sem hægt er að anda að sér)	10	—	—	—	—
80-62-6	Metýlmetakrýlat	—	50	—	100	—
96-33-3	Metýlakrýlat	18	5	36	10	—
108-05-4	Vínýlasetat	17,6	5	35,2	10	—
108-95-2	Fenól	8	2	16	4	húð
109-86-4	2-metoxýetanól	—	1	—	—	húð
110-49-6	2-metýloxýetýlasetat	—	1	—	—	húð
110-80-5	Etoxýetanól	8	2	—	—	húð
111-15-9	2-etoxýetýlasetat	11	2	—	—	húð
123-91-1	1,4 díoxan	73	20	—	—	—
140-88-5	Etýlakrýlat	21	5	42	10	—
624-83-9	Metýlsósýanat	—	—	—	0,02	—
872-50-4	n-metýl-2-pýrrólídón	40	10	80	20	húð
1634-04-4	Þrígreindur bútýl-metýleter	183,5	50	367	100	—
	Kvikasilfur og ólífræn efnasambönd kvikasilfurs, þ.m.t. kvikasilfursoxíð og kvikasilfurklóríð (mælt sem kvikasilfur) ⁽⁷⁾	0,02	—	—	—	—
7664-93-9	Brennisteinssýra (úði)(8)(9)	0,05	—	—	—	—
7783-06-4	Vetnissúlfíð	7	5	14	10	—

⁽¹⁾ CAS: Skráningarnúmer hjá Upplýsingaþjónustu um iðefni

⁽²⁾ Táknunin „húð“ við viðmiðunarmörkin gefur til kynna möguleika á talsverðri upptöku efnisins í gegnum húð.

⁽³⁾ Mæld eða reiknuð miðað við átta stunda tímavegið meðaltal.

⁽⁴⁾ Mörk skammtímaváhrifa Óheimilt er að fara yfir þessi viðmiðunarmörk. Gildin eru miðuð við 15 mínútna váhrif nema annað sé tekið fram.

⁽⁵⁾ mg/m³: milligrömm á rúmmetra lofti við 20 C° og 101,3 KPa.

⁽⁶⁾ milljónahluti: hluti af milljón miðað við rúmmál í lofti (ml/m³).

⁽⁷⁾ Við vöktun á váhrifum kvikasilfurs og tvígildum ólífrænum samböndum þess er rétt að taka tillit til viðeigandi aðferða við lífvöktun til viðbótar viðmiðunarmörkum fyrir váhrif í starfi.

⁽⁸⁾ Þegar valin er viðeigandi aðferð við vöktun á váhrifum er rétt að taka tillit til hugsanlegra takmarkana og truflana sem geta orðið þegar önnur kvikasilfursambönd eru fyrir hendi.

⁽⁹⁾ Úði er skilgreindur út frá þeim hluta sem kemst niður í brjóstholið.